

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 770/2006 um veiðar á íslenskri sumargots síld.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða verður svohljóðandi:

Þrátt fyrir bann við síldveiðum með flotvörpu skv. 1. tl. 2. gr. eru veiðar á íslenskri sumargots síld heimilar í friðunarhólfi vestur af landinu, skv. 1. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 310/2007, um friðunar svæði við Ísland, á milli 63° 35' N og 65° N.

Ákvæði þetta gildir til og með 11. desember 2014.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglugerðir nr. 971/2014 og nr. 998/2014.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 28. nóvember 2014.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Jóhann Guðmundsson.

Baldur P. Erlingsson.